

Þúsundir fylgdust með Sindratorfærunni



11

Ingvar Jóhannesson tekur flugið á Víkingnum. Ljósmynd: Heiða Björg Jónasdóttir. Myndasýrpu frá torfærunni er að finna á bls. 11.

Sindratorfæran á Hellu fór fram síðasta laugardag að viðstöddum fimm þúsund áhorfendum og var torfærunni sömu leiðis sjónvarpað á RÚV.

Ingvar Jóhannesson á Víkingnum stóð uppi sem sigurvegari eftir gríðarlega spennandi keppni. Þór Þormar Pálsson á Thor hafnaði í öðru sæti en Páll Jónsson á Rollunni, sem leiddi framan af, varð að setta sig við þriðja sætið eftir að hafa náð 15. besta tímanum í ánni.

Alls tóku 30 keppendur þátt í tveimur flokkum, en ekki hafa fleiri keppendur verið skráðir til leiks síðan árið 2006 og því augljóst að mikil uppsveifla er í íþróttinni.

Margir bílanna bera ansi frumleg nöfn, en meðal þeirra sem tóku þátt á laugardag voru fyrrnefndir Víkingurinn, Thor og Rollan, en auk þeirra tóku meðal annars þátt Refurinn, Flugan, Þjakkurinn, Ótemjan, Sleggjan, Mjallhvít, Móri, Útlaginn, Fógetinn, Skarfurinn, Bomba og Batman. HGL

Fjaðrárgljúfur friðlýst

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku og loftslagsráðherra, hefur friðlýst Fjaðrárgljúfur.

Mörk hins friðlýsta svæðis ná yfir austurhluta gljúfursins og afmarkað svæði ofan gljúfranna austan megin. Það svæði er í eigu Hverabergs ehf. og er friðlýsingin unnin í góðu samstarfi við Hveraberg og sveitarfélagið Skaftárhrepp.

Vinna við friðlýsinguna hófst í framhaldi af tímamótasamningi sem umhverfis-, orku og loftslagsráðherra og Hveraberg skrifuðu undir í janúar 2024 og kveður á um samstarf um verndun Fjaðrárgljúfurs og uppbyggingu innviða á svæðinu.

„Fjaðrárgljúfur er gríðarlega vinsæll ferðamannastaður og allt sem bendir til þess að ásókn ferðamanna á svæðið muni aukast á komandi misserum. Það er því mjög ánægjulegt að geta í samstarfi við landeigendur og Skaftárhrepp friðlýst svæðið og skapað því þá umgjörð sem nauðsynleg er til verndar náttúrunni á svæðinu og til móttöku ferðamanna,“ segir Guðlaugur Þór.

Vinsældir Fjaðrárgljúfurs eru miklar og hafa aukist mjög á síðari árum. Fjöldi þeirra sem sækja staðinn heim hefur jafnvel leitt til þess að loka hefur þurft svæðinu tímabundið vegna ágangs. Mikil þörf hefur því verið á uppbyggingu innviða til verndar náttúru og til að bæta öryggi þeirra sem fara um svæðið ásamt landvörslu til að fræða og upplýsa um náttúruvættið.

úrinni á svæðinu og til móttöku ferðamanna,“ segir Guðlaugur Þór.

Vinsældir Fjaðrárgljúfurs eru miklar og hafa aukist mjög á síðari árum. Fjöldi þeirra sem sækja staðinn heim hefur jafnvel leitt til þess að loka hefur þurft svæðinu tímabundið vegna ágangs. Mikil þörf hefur því verið á uppbyggingu innviða til verndar náttúru og til að bæta öryggi þeirra sem fara um svæðið ásamt landvörslu til að fræða og upplýsa um náttúruvættið.



F.v: Fanney Ásgeirsdóttir hjóðgarsvörður, Sveinn Hreiðar Jensson sveitastjórnarmaður, Guðlaugur Þór Þórðarson ráðherra, Auður Björnsdóttir sveitastjórnarmaður og Björn Helgi Snorrasson sveitastjórnarmaður og varaoddvið. Ljósmynd: Stjórnarráð Íslands.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN

 Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
 Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðaðflutningar - Ruslaferðir
 Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is

Niðurstaða ársreiknings Hrunamannahrepps um 100 m.kr. betri en gert var ráð fyrir

Niðurstaða ársreiknings samstæðu A og B hluta fyrir árið 2023 er jákvæð sem nemur 122,9 m.k. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 27,2 m.kr í rekstrarafgang frá samstæðu. Rekstrarafkoma A hluta er jákvæð um 108 m.kr sem er einnig vel umfram það sem vonir stóðu til í fjárhagsáætlun en hún með seinni tíma viðaukum gerði ráð fyrir 46,8 m.kr. hagnaði af rekstri.



Veltufé 19,5% af heildartekjum
 Veltufé frá rekstri A og B hluta nam um 350 m.kr. eða ríflega 19,5% af heildartekjum. Handbært fé frá rekstri var 241 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 193,2 m.kr.. Veltufé samstæðu frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindingar er 2,64. Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum er 4,92 sem einnig er góð niðurstaða.

Skuldahlutfall samstæðu nemur 64,7%

Afborganir langtímalána námu 98,5 m.kr. og tekin ný langtímalán voru 360 m.kr. Í árslok er hlutfall skulda A hluta sveitarsjóðs af tekjum að frádregnum lífeyrisskuldbindingum sem falla til eftir 15 ár eða síðar 52,2% sem er langt undir skuldapakinu svokallaða sem gerir þær kröfur til sveitarfélaga að skuldir þeirra skuli ekki fara yfir 150%. Rétt er þó að geta þess að fjármálaeignir sveitarfélaga hafa verið afnumdar vegna heimsfaraldurs covid-19 til ársins 2025. Skuldahlutfall samstæðu A og B hluta er 64,7% sem einnig er langt frá leyfilegu hámarki sem er ánægjulegt.

bjartsýni þegar horft er til framtíðar. Hér er hafin kröftug uppbygging íbúðarhúsnæðis, öllum lóðum sem komið hafa til úthlutunar hefur verið úthlutað og aðilar í atvinnurekstri horfa til Hrunamannahrepps sem álitlegs kosts hvað uppbyggingu varðar enda eru innviðir hér sterkir á mörgum sviðum.

Á fundi sveitarstjórnar voru stjórnendum og starfsmönnum öllum færðar bestu þakkir fyrir framlag þeirra til ábyrgs rekstrar og góðrar þjónustu. Sveitarstjórn þakkaði einnig endurskoðendum og skrifstofustjóra fyrir góða vinnu við gerð ársreiknings sem og traust og ánægjulegt samstarf sveitarstjórnarmanna allra. Slíkt samstarf er dýrmætt fyrir íbúa alla.

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri

Það er bjart framundan

Í ljósi niðurstaðna ársreiknings ársins 2023 er full ástæða til

Mætum á staðinn og gerum hagstæð tilboð þér að kostnaðarlausu

Gluggaþvottur.is
s: 892 7783

Gluggaþvottur ehf
www.gluggatvottur.is
akureyri@gluggatvottur.is

Fjárfest í innviðum til framtíðar

Fjárfestingar á árinu 2023 námu 572 m.kr. Helstu fjárfestingar ársins fólust í kaupum á neðri hæð Hrunamannavegar 3, endurnýjun á þaki og efri hæð grunnskólans, vatnstankur á Bergghylsfjalli var kláraður, lögð var vatnsveita frá Garðastíg og að Iðjuslóð og framkvæmdir voru bæði í gatnagerð og veitum í Fannborgar- og Kerlingartanga. Aðrar fjárfestingar voru smærri í sniðum.

Öflugt félagsstarf Félags eldri borgara á Selfossi í vetur



hefur verið með sýningar. Einnig ljósmyndaklúbburinn sem hefur verið með einar 3 sýningar. Tvær handverks- og listasýningar hafa verið og hefur fjöldi manna komið og notið!

Framundan eru ferðir á vegum ferðanefndar og verða þær auglýstar síðar.

Eins og sjá má hefur starfið verið öflugt og viljum við í stjórn félagsins þakka öllum þeim aðilum sem hafa komið að starfsemi vetrarins fyrir frábær störf og góða samvinnu. Öllum nefndum og ráðum félagsins er þakkað og síðan fær Kvenfélag Selfoss miklar þakkir fyrir góðar veitingar í vetur!

Frá og með 16. maí lýkur skipulagðri dagskrá. Nokkrir hópar eru að klára og gera það núna í maí.

Að lokum viljum við í stjórn FebSel þakka öllum okkar félagsmönnum fyrir veturinn og sjáumst kát á kynningarfundum 19. september 2024 kl. 14.00

Fyrir hönd stjórnar Félags eldri borgara Selfossi. Magnús J. Magnússon, formaður

Núna um miðjan maí lýkur formlegu félagsstarfi FebSel. Frá því að kynningarfundurinn var haldinn 21. september á síðasta ári hefur verið öflugt félagsstarf allar vikur síðan þá.

Mikil þátttaka hefur verið í öllum þáttum félagsstarfsins og hefur verið aukning milli ára, sem er gott.

Öflug opin hús hafa verið, með góðri dagskrá, árshátíð og adventuhátíð sem tókust vel.

Leikhúsfærðir hafa verið farnar og síðan hafa bókmenntaklúbbarnir farið í vettvangsfærðir sem hafa tekist afar vel.

Mikil þátttaka hefur verið í hreyfingu af ýmsu tagi. Hreyfing í Lindexhöllinni þar sem rúmlega hundrað einstaklingar hreyfa sig tvisvar í viku. Einnig stólaleikfimi, Boccia, snóker og stólajóga.

Listagyðjan hefur einnig átt sína hópa. Myndlistarhópurinn

ÓPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 7.JÚNÍ

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR HEIMAVIST.IS

FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR ALLS STAÐAR AÐ AF LANDINU

STUTT Í ALLT HEIMAVIST MA OG VMA Á AKUREYRI

- HLÍÐAREFJALL VETTINGARSTADUR 7 MINÚTUR
- IBROTTHÁHUS RÆKTIN SUND 3 MINÚTUR
- STÍHLÉLVY KNSKÓLAVÉLUS 3 MINÚTUR
- VIÐBERNIN VESTLANIR BÍÐHUS 8 MINÚTUR

Heimavist MA og VMA



EINFÖLD HEYRNARMÆLING

þér að kostnaðarlausu í Lyfju Selfossi

Líttu við dagana 22. og 23. maí kl. 10–14 í einfalda heyrnarmælingu þér að kostnaðarlausu í Lyfju. Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir heyrnartæknir hjá Lyfju Heyrn tekur vel á móti þér.

Líttu við, engin tímabókun. Öll velkomin.



Lyfja Selfossi Austurvegi 44, 800 Selfoss

Síðan skein sól í upprunalegri mynd á Kótelettunni

Hljómsveitin SSSól eða Síðan Skein Sól með Helga Björns í fararbroddi kemur fram á tónlistarhátíð Kótelettunnar í ár, en hátíðin er haldin í 14. sinn. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem hljómsveitin kemur fram í sinni upprunalegu mynd á Kótelettunni en sveitin er eins og þjóðin þekkir ein ástsælasta hljómsveit landsins og hefur verið starfrækt í um 37 ár.

„Það er mikil tilhlökkun hjá okkur í bandinu að koma loksins fram á Selfoss eftir langt hlé, þetta verður eintóm gleði og fólk getur að sjálfsgöðu búist við að heyra okkar allra bestu lög eins og Halló ég elska þig, Vertu þú sjálfur, Húsið og ég, Ég stend á skýi og alla hina slagarana,” segir Helgi Björns söngvari sveitarinnar.

Auk Helga skipa bandið þeir Ingólfur Sigurðsson, Jakop Smára Magnússon, Eyjólfur Jóhannsson, Hrafn Thoroddsen og Stefán Már Magnússon.

Spennir aðdáendur þurfa að



hafa snarar hendur og tryggja sér miða en uppselt hefur verið á hátíðina undanfarin ár.

„Hátíðin verður glæsileg að venju en auk SSSól mun fjöldi frábærs tónlistarfólks koma fram sem spannar allt það besta

á Íslandi í dag, nýtt og gamalt í bland. Það ætti því enginn að láta þessa veislu fram hjá sér fara,” segir Einar Björnsson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar.

Miðasala fer fram á kotelettan.is.

Viðburðaríkt og skapandi sumar á Listasafni Árnesinga

Listasafn Árnesinga hefur Lreglulega boðið upp á ýmis spennandi og metnaðarfull námskeið og listasmiðjur á safninu fyrir fólk á öllum aldri. Smiðjurnar hafa verið vel sóttar og kemur fólk að úr ýmsum áttum, úr nærsveitum og stundum jafnvel höfuðborgarsvæðinu. Listasafnið leggur upp úr að hafa smiðjurnar sem fjölbreyttastar og fá framsækna og áhugasama listamenn til að leiða smiðjurnar. Það sem við höfum boðið upp á er m.a. Stop motion smiðja, dúkristu smiðja, langspils smiðja, graffiti smiðja og listmeðferð. Auk þess má nefna móldeikningu og vatnslitánámskeið fyrir fullorðna. Nú í vor og sumar verða smiðjurnar ekki af verri toganum og það má finna eitthvað fyrir alla. Þann 18. maí verður flugdrekasmíðja með Aríte Fricke en þá er einmitt Alþjóðadagur safna og það verður mikil dagskrá á safninu þann daginn, m.a. tónleikar, ratleikur og fl.

Listakonan Gígja Reynis-

dóttir leiðir svo smiðju 15. júní sem snýst um að nota laufblöð og þurkuð blóm í úrklippur og teikningu en hún mun um leið kynna verk sín og aðferðir.

Alda Rose Cartwright verk-efnastjóri fræðslu á safninu mun svo leiða júlí smiðjuna en hún snýst um klippimyndagerð og „tunnel“ bókagerð. Í ágúst verður svo í boði spennandi unglingsmiðja en upplýsingar um hana má finna síðar á heimasíðu og facebook síðu safnsins, sama gildir um allar hinar smiðjurnar. Það er takmarkað pláss á smiðjurnar og best er að skrá sig á smiðjurnar á fraedsla@listasafnarnesinga.is sem fyrst til að tryggja pláss. Í haust verða svo áfram smiðjur fyrir börn og fjölskyldur en einnig nokkur masterclass námskeið fyrir fullorðna og við hvetjum áhugasama að fylgjast með.

Það er mikilvægt að geta boðið upp á fjölbreytta dagskrá og auka við ört vaxandi sköpunarflóru á svæðinu og mikilvægt er að muna að Listasafn Ár-



nesinga er safn okkar Árnesinga allra og það er mikilvægt að Árnesingar upplifi sig sem part af menningarlegu samfélagi og við bjóðum alla Árnesinga innilega velkomna á safnið hvort sem það er að skoða sýningar eða sækja viðburði.

Vefsíða safnsins er www.listasafnarnesinga.is.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands og Hveragerðisbær styðja við smiðjurnar í sumar.

Listasafn Árnesinga



Margrét Helga Skúladóttir er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil þakka vinkonu minni Raket Guðmundsdóttur fyrir þessa frábæru áskorun. Ég var ekki lengi að ákveða góða uppskrift en þessi frábæri pastaréttur er í miklu uppáhaldi á mínu heimili. Hann er einfaldur, fljótlegur sjúklega góður og ennþá betri daginn eftir ef það er þá einhver afgangur.

Ég geri oftast mjög ríflegan skammt sem dugar fyrir amk. 5 manns og rúmlega það.

Frábær pastaréttur

Tortellini pasta með kjöti
500-700 g
1 skinkupakki
Forsteiktir beikonbitar
1 rauð/gul paprika
1 pakki af sveppum
Hálfur rauðlaukur
Villissveppaostur
500 ml matreiðslurjómi

Pastað er látið sjóða í ca. 12-15 mín.

Paprikan, skinkan og rauðlaukurinn er skoríð niður í litla bita.



Osturinn er skorinn niður og hent í pott ásamt rjómanum. Hitað er á vægum hita (á ekki að sjóða) og hrært vel inn á milli þar til osturinn hefur bráðnað.

Sveppirnir eru skornir niður og smjörsteiktir á pönnu, beikonbitunum er síðan blandað saman við.

Þegar pastað er tilbúið sigtið þá allt vatn frá og setið pastað í stóra skál, að lokum er öllu blandað saman og hrært vel við sósuna.

Þessu er síðan toppað með hvítlauksbrauði eða volgum brauðbollum með smjöri. Verði ykkur að góðu.

Ég skora á Guðrúnu Margréti Jökulsdóttir vinkonu og samstarfskonu mína að koma með einhverja dúndur uppskrift. Gunna Magga er algjör snillingur í að tölra fram allskonar gúmmelaði og finnst mér tilvalið að hún deili því með okkur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Tónleikar í Listasafni Árnesinga á laugardag

Gítarleikarinn Hróðmar Sigurðsson og bassaleikarinn Ingibjörg Elsa Turchi spila í Listasafni Árnesinga í Hveragerði þann 18. maí kl.16. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð þeirra sem fram fer víðsvegar um landið vor og sumar 2024. Tvíeykið leikur frumsamda tónlist sem væntanleg er á plötu á þessu ári, en þau hafa nú þegar gefið út tvö lög sem komin eru á

streymisveitur. Einnig munu þau leika tónlist af plötum þeirra beggia-Melieae (2020) og Strophá (2023) eftir Ingibjörgu og plötu Hróðmars frá 2021 sem er samnefnd honum.

Hróðmar Sigurðsson, rafgítar/lap steel gítar, Ingibjörg Elsa Turchi, rafbassi.

Frítt er inn á tónleikana. Tónleikaröðin er styrkt af Menningarsjóði FÍH og Flytjendasjóði listamannaaluna.



DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónasson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Þetta er Eiríks bernskubær, bröltir í sitt kallinn vær. Er á netum út um fjörð, einn í burt er magagjörð.

Svar við gátu í blaði 2751: **FRAKKI**
2. Maður frá Frakklandi - 3. (f)rakki
4. Kuldafrakki



NÚ ER **GOBBIDIGOTT** AÐ OPNA! ÞETTA ER SPENNANDI!

Opnunardagur er laugardagurinn 18. maí kl. 11–20.

Staðsetning fyrir framan nýju Húsasmiðjuna á Selfossi.


Matseðillinn er úr íslenska eldhúsinu og inniheldur meðal annars:
Kjötbollur, bjúgu, pylsur, kjötsúpu, fiskibollur og fleira.



**PYLSA,
KÓK^{500 ML} OG
PRINS**
800 kr.

ALLSKONAR
SPENNANDI
TILBOÐ VERÐA
Í GANGI Í
SUMAR!

**OPNUM
18. MAÍ
KL. 11:00**



Ársfundur deildar VR á Suðurlandi

Ársfundur deildar VR á Suðurlandi verður haldinn
þriðjudaginn 21. maí 2024 kl. 19:00 á Austurvegi 56, Selfossi (3. hæð).

Dagskrá

- Hefðbundin ársfundarstörf
- Tillaga að sameiningu deilda á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum
- Breytingar á starfsreglum
- Önnur mál

Tilkynningar um framboð til stjórnar þurfa að hafa borist til VR á netfangið vr@vr.is fyrir kl. 18:00 sunnudaginn 19. maí.

Boðið verður upp á léttar veitingar



VR

Sláturnús Selfossi Störf í sláurtíð haustið 2024

Sláurfélag Suðurlands óskar eftir að ráða slátrara sem og almenna starfsmenn til starfa í sláurtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins www.ss.is undir „sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma 480-4100.

Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrir-tækisins www.ss.is.



Stuðningsfulltrúi á sérnámsbraut í Fjölbrautaskóla Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir eftir þremur einstaklingum í stöðu stuðningsfulltrúa á sérnámsbraut í 50-60% starfshlutfall lausar til umsóknar frá 1. ágúst 2024.

Skriflegar umsóknir ásamt greinargerð um menntun, fyrri störf/starfsreynslu berist Fjölbrautaskóla Suðurlands, Tryggvagötu 25, 800 Selfossi.

Leitað er eftir skipulögðum einstaklingi með mikla þjónustulund, þolinmæði og jákvæða framkomu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á að vinna með nemendum á sérnámsbraut.

Stuðningsfulltrúi starfar með nemendum á sérnámsbraut, aðstoðar þau við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfinu. Hann vinnur eftir áætlunum sem sviðstjóri og kennarar setja. Hann ýtir undir færni og sjálfstæði nemenda. Hann fylgir nemendum um skólann í frímínútum, matartímum og í vettvangsferðum á vegum skólans. Auk þess annast hann ýmis störf sem honum eru falin af sviðstjóra og falla undir starfsvið hans.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi FOSS og stofnanasamningi skólans.

Umsóknarfrestur er til 26. maí 2024.

Nánari upplýsingar um starfið veita Jónína Ósk sviðstjóri sérnámsbrautar, jonina@fsu.is og/eða Olga Lísu Garðarsdóttir skólameistari olgalisa@fsu.is eða í síma **480 8100** á skrifstofutíma.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans www.fsu.is

Skólameistari



Hrifinn af bókum sem víkka sjóndeildarhringinn segir lestrarhesturinn Skúli Gíslason

Skúli Gíslason er 34 ára þrígga barna faðir, trommu-leikari og lestrarhestur. Hann hefur lesið mikið frá unga aldri en lesturinn náði nýjum hæðum þegar Harry Potter kom inn í líf hans þegar hann var 11 ára gamall.

Hvað bækur ertu núna lesa?

Ég er alltaf að kjamsa á nokkrum bókum í einu og gríp í þær á víxl eftir því í hvernig stuði ég er. Ég er með Shögum eftir James Clavell að láni frá mömmu og finnst hún mjög áhugaverð. Flott innsýn í samfélag og menningu samúræja í Japan á 18. öld sögð frá sjónarhorni ensks skipstjóra sem strandar þar. Önnur bók sem ég gríp mikið í núna er The Creative Act eftir Rick Rubin. Höfundurinn er einn þekktasti tónlistarpróducent allra tíma og mjög andlega þenkjandi náungi. Í bókinni fjallar hann um margar hliðar þess þegar sköpun á sér stað, en það mætti alveg eins segja að bókina sé handbók fyrir núvitund. Algjört meistaraverk að mínu mati.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Í gegnum tíðina hef ég líklega lesið mest af fantasíuskáldsögum eins og Hringadróttins-sögu, Stormlight Archive eftir Brandon Sanderson og Game of Thrones. Sá áhugi byrjaði þegar ég las fyrstu Harry Potter

bókina ellefu ára og gjörsamlega spændi mig í gegnum hana. Fjórðu bókina í þeirri seríu fékk ég svo á ensku þegar hún kom út og ég á henni líklega að þakka enskukunnáttu mína í dag að stóru leyti.

Varstu alinn upp við lestur bóka?

Já það var mikið lesið fyrir mig sem barn. Ég man sérstaklega eftir bókunum Óðfluga og Heimskringlu eftir Þórarin og Sigrúnu Eldjárn. Virkilega sniðugur texti hjá Þórarini og skemmtilegar myndir hjá Sigrúnu. Jón Oddur og Jón Bjarni voru líka í uppáhaldi. Nú á ég orðið börn sjálfur og hef fengið að enduruppgötva barnabækur eins og gerist og þar er Litli prinsinn eftir Antoine de Saint-Exupéry og sögur um Múmínálfana eftir Tove Jansson í uppáhaldi.

Segðu í stuttu máli frá lestrarvenjum þínum.

Ég er mjög kaótískur lestrarhestur. Stundum les ég ekkert í viku en spæni svo upp 1200 blaðsíðna bók þá næstu. Yfirleitt les ég samt uppi í rúmi fyrir svefninn og smá yfir daginn ef færi gefst.

Einhverjir uppáhaldshöfundar?

Brandon Sanderson er í miklu uppáhaldi og þá bækur á borð við Stormlight Archive og Mistborn. Í fantasíuskáldsögum



búa höfundar oft til nýja heima sem eru með önnur lögmál en heimurinn sem við búum í, en það er mjög erfitt að gera það án þess að skilja eftir lausa enda eða að láta hlutina ekki alveg ganga upp. Sanderson gerir þetta manna best að mínu mati, en heimurinn sem hann býr til er svo ótrúlega heillandi og sérstakur að maður tíni sér gjörsamlega í honum.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Já ég man að ég fórnadi talsverðum svefni í að lesa Stormlight Archive langt fram á nótt.

Hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ég sé kannski helst fyrir mér að ég myndi skrifa eitthvað sjálfs-hjálpartengt. Ég hef lengi haft mikinn áhuga á slíkum bókum sem víkka sjóndeildarhringinn á einhvern hátt og hjálpa manni að verða betri útgáfa af sjálfum sér. Ekki halda niðri í ykkur andanum samt.

**Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum
berist á netfangið jonzur@gmail.com**

Jón Ingi sýnir í Byggðasafni Árnesinga á Eyrarbakka

Jón Ingi Sigmundsson opnar málverkasýningu í tilefni af 90 ára afmæli sínu í Byggðasafni Árnesinga (Alpansal) á Eyrarbakka laugardaginn 18. maí kl. 14:00.

Þetta er ein stærsta sýning sem Jón Ingi hefur haldið. Hann hefur sótt námskeið hjá ýmsum erlendum málurum, Ulrik Hoff, Ron Ranson, Keith Hornblower og síðast hjá Alvaro Vastagnet.

Myndefnið er fundið víða um land og margt frá Eyrarbakka þar sem Jón Ingi er fæddur og uppalinn og sínum heimabæ Selfossi.

Á sýningunni eru olíu- og



vatnslitamyndir og stendur sýningin til 2. júní. Sýningin verður opin föstu-, laugar- og sunnudaga (og annan í Hvíta-

sunnunni) frá kl. 14:00-17:00 en aðra daga á opnunartíma Byggðasafnsins.

Alþjóðlegi safnadagurinn framundan

Nú stýttist í Alþjóðlega safnadaginn sem verður haldinn hátíðlegur 18. maí, næstkomandi. Þema safnadagsins þetta árið er „Söfn í þágu fræðslu og rannsókna“.

Við höldum upp á daginn í Listasafni Árneseinga og bjóðum upp á skemmtilega dagskrá:

13:00 - 1500 Arite Fricke leiðir Flugdrekasmiðju - komið og búið til ykkar eigin flugdreka. Allt efni á staðnum en nauðsynlegt er að skrá sig:

fraedsla(hjá)listasafnarneseinga.is

15:00 Brynhildur Þorgeirsdóttir kynnir ný verk: Fjöllin í Árnessýslu.

Léttar veitingar í boði.

16:00 Hróðmar Sigurðsson og Ingibjörg Elsa Turchi koma fram á ókeypis tónleikum.

Nánari upplýsingar má finna á vef safnsins og einnig á samfélagsmiðlum. Allir viðburðirnir eru ókeypis og öll velkomin.

Listasafn Árneseinga



Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar í bæjarstjórn sveitarfélagsins Ölfuss þann 2. maí sl. með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu íbúakosningar. Tillögurnar hafðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss, einnig með fyrirvara um niðurstöðu íbúakosningar.

Mölunarverksmiðja og höfn - Aðalskipulagsbreyting (mál 1061/2023 í skipulagsgátt)

Tillagan lýtur að aðalskipulagsbreytingu skv. 31. gr. laga nr. 123/2010 fyrir iðnaðar og hafnarsvæði austan byggðar í Þorlákshöfn. Hámark byggingarmagns á reit l3 er aukið úr 540.000 m² í 1.040.000 m². Þá er nýju hafnarsvæði bætt við sem nefnist H4.


Mölunarverksmiðja og höfn - nýtt deiliskipulag (mál 875/2023 í skipulagsgátt)

Tillagan lýtur að nýju deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010, fyrir mölunarverksmiðju og höfn á Laxabraut 43A og 43B. Mölunarverksmiðja samanstendur af fjölbreyttum byggingum með mismunandi hlutverk. Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir hafnaraðstöðu með krana, mannvirkjum, athafnasvæðum, færriböndum og öðrum innviðum fyrir rekstur og þjónustu hafnarinnar.

Tillögurnar verða til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 27. júní 2024. Þá er einnig hægt að nálgast öll gögn um málin og fylgjast með framvindu þeirra á skipulagsgatt.is

Hægt er að senda ábendingar og athugasemdir í gegnum skipulagsgátt þess máls sem um ræðir. Þá er einnig hægt að senda ábendingar eða athugasemdir í tölvupósti á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 27. júní 2024.

Útsölumarkaður Rauða krossins á Selfossi



Dagana 22-24 maí mun vera útsölumarkaður hjá okkur í Rauða krossinum að Eyravegi 23. Opíð verður frá kl. 11-18

þessa daga. Mikið til af fallegum fötum hægt er að gera góð kaup. Verið velkomin.



Skoðaðu nýja sumarþæklinginn!



Setjum sumarið saman

Njóttu sumarsins til hins ýtrasta og færðu þægindi heimilisins út þar sem fer vel um þig. Við eigum gott úrval af vönduðum útihúsgögnum með endalaus möguleika.

Þú finnur allt úrvalið á [IKEA.is](https://www.ikea.is) og í [IKEA appinu](https://www.ikea.is/app). Þantaðu á vefnum og fáðu vörurnar afhentar með Dropp.

Vefverslun [IKEA.is](https://www.ikea.is) og [IKEA appið](https://www.ikea.is/app) eru alltaf opin!





BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

**TILBOÐSVEISLA Í BYKO
SELFOSSI 16. - 20. MAÍ**

ENDURBÆTT OG ENN BETRI VERSLUN!

Hver sem hugmyndin er - þá gerum við þetta saman!

.....

AFGREIÐSLUTÍMI HVÍTASUNNUÐAG 19. MAÍ - LOKAÐ

AFGREIÐSLUTÍMI ANNAN Í HVÍTASUNNU 20. MAÍ - 9-15



-20%
AF BLÁUM
BOSCH*



*á ekki við um garðverkfæri



-25%
AF GRÆNU
BOSCH, RYOBI
OG EINHELL*

*á ekki við um garðverkfæri



-25%
AF HAND-
VERKFÆRUM

*á ekki við um garðverkfæri



-20%
AF SNICKERS
VINNUFATNAÐI



-20%
AF LAMETT
VIÐARPARKETI



-30%
AF TRANEMO
VINNUFATNAÐI



-20%
AF HARD-
PARKETI



-20%
AF GROHE



-20%
AF BADPLÖTUM



-20%
AF INNILJÓSUM
OG -LÖMPUM



-20%
AF RAFMAGNS-
GARÐ-
VERKFÆRUM



-20%
AF REIÐHJÓLUM



-20%
AF MAKU
HEIMILISVÖRU*



*kynningarafsláttur



-20%
AF GRILLUM

*á ekki við um viðarvörn



-20%
AF INNI- OG
ÚTIMÁLNINGU*

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í samstarfi við sveitarfélög o.fl. vegna forsetakjörs 1. júní 2024



Hægt er að kjósa utan kjörfundar á eftirtöldum stöðum í umdæminu auk skrifstofa embættisins:

- Á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn. Opnunartími kl. 09:00 – 12:00 og kl. 13:00-16:00 mánudaga til fimmtudaga. Föstudaga kl. 9:00 – 13:00.
- Á skrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk, Hveragerði. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00 – 15:00 og föstudaga kl. 10:00-12:00.
- Á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, Flúðum. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 9:00 – 15:00, föstudaga kl. 9:00-12:00.
- Á skrifstofu Bláskógabyggðar 2. hæð í Aratungu, Reykholti. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00, föstudaga kl. 8:30–12:30.
- Á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-14:00, föstudaga kl. 09:00 – 12:00.
- Á heimili Pálinu Þorsteinsdóttur að Svínafelli 1 Suðurbæ, Öræfum. Opnunartími eftir samkomulagi. Sími 478 1760 og 894 1765.

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki (öku-skírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

Afgreiðslutími skrifstofa embættisins verður aukinn síðustu daga fyrir kosningar. Nánari upplýsingar má finna á www.syslumenn.is og www.kosning.is.

Ábyrgð á atkvæði:

Athygli er vakin á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 76. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Fram að kjördegi er kjörstjóra þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst og greiða almennt póstburðargjald undir sendinguna. Kjósandi ber að öðru leyti sjálfur kostnað af sendingu atkvæðisbréfsins.

Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósandinn er á kjörskrá.

Atkvæðagreiðsla í heimahúsi

Ef kjósandi getur ekki kosið á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar er heimilt að kjósa í heimahúsi. Beiðni þess efnis, sem studd skal vottorði lögráða einstaklings um hagi kjósanda, skal berast embættinu fyrir kl. 10:00 fimmtudaginn 30. maí n.k. Mælst er til þess að beiðnir þessa efnis berist embættinu án ástæðulauss dráttar. Umsóknareyðublað má nálgast hjá embættinu eða á heimasíðu Landskjörstjórnar, www.kosning.is.

Umsóknir er hægt að senda á sudurland@syslumenn.is eða afhenda á skrifstofum embættisins.

Ýmsar upplýsingar og eyðublað vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Ölfusá og líðan hennar

Þriðja maí síðastliðinn fór fram verðlaunaafhending í keppni Landverndar sem bar undirtitilinn Ungt umhverfisfréttafólk. Verkefnið sem bárust voru fimmtíu og sjö frá átján skólum víðsvegar af að landinu. Fimm þessara verkefna komust í úrslit og þar átti Fjölbrautaskóli Suðurlands tvö verkefni og hafnaði annað þeirra í öðru sæti. Það var ljóð Sigurðar Guðbjarts Guðmundssonar um Ölfusá og líðan hennar þar sem hann persónugerir ána og lætur henni verða meinillt og byrja að blæða af mannanna verkum.

Verkefni SGG snerist um að rannsaka mengun í Ölfusá og niðurstaðan var að semja ljóð um mengun árinna. Hann kom því á framfæri til Dagskrárinna á Selfossi sem leiddi til þessarar viðurkenn-



Sigurður Guðbjartur Guðmundsson.

ingar auk þess sem hann var einnig valinn til að taka þátt í alþjóðlegu keppninni Young Reporters for the Environment sem er gríðarlega stór keppni.

Í úrslitum frá Fjölbrautaskóla Suðurlands lentu einnig nemendurnir Álfur, Viktoría, Bjarni og Bjarki með glæsilegt borðspil um mengun hafnsins sem allt var búið til úr endurunnu efni. En fullyrða má í lok þessarar fréttar að það megi teljast vel af sér vikið fyrir sama skóla að komast með tvö verkefni í úrslit í svo stórra keppni.

Vinningsljóð Sigurðar Guðbjarts má sjá hér til hliðar.

hps / jöz

Áin blíða

Áin var eitt sin glöð og tær
Áin var mér nær og kær
Áin góða steig um á skónum bláu
Áin var skjólið hjá fiskunum smáu

Ánni var byrjað af mennsku valdi
Í holræsum djúpum skólpið dvaldi
Er mennirnir ákváðu að drepa úr dróma
Leysa úr læðingi, skólpið eintóma

Ánni varð meinillt, byrjaði að blæða
Fitu, skólpi og rusli sér stæða
Áin lá veik, traustið var rofið
Ást, alúð og líf hennar dofið

Æfingarsund á Flateyri

Það bar til þann 4. maí 2024, við Samkomuhúsið á Flateyri, að Verkalýðs-hljómsveitin Æfing var heiðruð með því að götu var gefið nafn hljómsveitarinnar Æfing.

Gatan fékk nafnið Æfingarsund, en þessa slóð var gengið að kveldi þess 27. desember 1968 er Æfing kom fram fyrsta sinni í lok fundar í Verkalýðsfélaginu Skildi. Þetta áður nafnlausu sund á merka sögu í mannlífi og menningu Flateyri til áratuga; til bíóferða, ballferða og leið margra í sjoppuna við Ránargötu sem alltaf var opin til kl. 23:30.



Helsti sérfræðingur sögu þessa svæðis er Þorsteinn Jóhannsson, trésmiður á Flateyri og setti hann upp skiltið Æfingarsund þann 4. maí 2024, á afmælisdegi Árna Benediktssonar á Selfossi, hljómsveitarstjóra

Æfingar. Siggí Björns, tónlistarmaður og meðlimur Æfingar, tók við þessari heiðursgjörð fyrir hönd Æfingar-medlima fyrir og nú. Með þessu er Æfing komin í hóp með hljómsveitinni Geislum á Akureyri, en þar er Geislagata nefnd þeim til heiðurs. Þetta er mjög merkilegt fyrir Ingólf R. Björnsson en hann var á sínum tíma í Geislum og svo í Æfingu.

Það var Hrutavinafélagið Örvar á Suðurlandi sem stóð að þessari heiðursgjörð til Hljómsveitarinnar Æfingar. Hrutavinafélagið varð til á hrútasýningu að Tóftum í Stokks-eyrarhreppi hinum forna haustið 1999. Hljómsveitin Æfing mætti á þá hrútasýningu og sló í gegn að venju. Félagið er því 25 ára í ár og er því fagnað á ýmsan hátt þetta árið. Hrutavinafélagið er samafli aðfluttra Vestfirðinga og heimamanna á Suðurlandi og starfar að þjóðlegu mannlífi og menningararfleifi til sjávar og sveita.

Guðfaðir Hrutavinafélagsins er Bjarkar Snorrason f.v. bóndi að Tóftum og heiðursforseti er Guðni Ágústsson frá Brúna-stöðum og f.v. landbúnaðarráðherra til margra ára.

Æfingar-medlimir, Vestfirðingar, Sunnlendingar og aðdændur allir í veröld víðri, til hamingju með þessa verðskuld- uðu upphefð Æfingar.

Björn Ingi Bjarnason
Eyrarbakka,
Forseti Hrutavinafélagsins
Örvars



F.v.: Þorsteinn Jóhannsson, trésmiður á Flateyri og Siggí Björns, tónlistarmaður í Þýskalandi til áratuga og meðlimur í ÆFINGU.

Fimmpúsund manns fylgdust með Sindratorfærunni

Ljósmyndir: Heiða Björg Jónasdóttir



Auglýsing um kjörskrá vegna forsetakosninga



Kjörskrá fyrir Flóahrepp vegna forsetakosninga sem fara fram 1. júní 2024 liggur frammi á skrifstofu Flóahrepps í Þingborg öllum almenningi til sýnis á opnunartíma skrifstofu.

Einnig er tekið við utankjörfundaratkvæðum á sama stað fram að kosningadegi.

Skrifstofan er opin mánudaga-fimmtudaga kl. 9:00-16:00 og föstudaga kl. 9:00-13:00.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Verkstjóri þjónustumiðstöðvar



Sveitarfélagið Árborg leitar að metnaðarfullum eintaklingi í starf verkstjóra þjónustumiðstöðvar. Starfsstöðin er til húsa að Austurvegi 67.

Þjónustumiðstöð gegnir lykilhlutverki í þjónustu sveitarfélagsins til íbúa og viðskiptavina. Þjónustumiðstöðin sér um allan daglegan rekstur og umhirðu í sveitarfélaginu. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi stjórnunarstarf í síbreytilegu umhverfi.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa tæplega 12.000 íbúar og starfa um 1000 manns hjá sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á að skapa starfsumhverfi sem stuðlar að vellíðan og árangri þar sem starfað er af fagmennsku og góðum ásetningi með hag sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Verkstjóri annast daglegan rekstur þjónustumiðstöðvar í samráði við deildarstjóra
- Stýrir verkum starfsmanna þjónustumiðstöðvar
- Starfssvið er m.a. við gatnaviðhald, snjómokstur, þjónustu við stofnanir, hreinsun bæjarlands og samskipti við íbúa.
- Samhæfir verkefni með öðrum deildum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðnmenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla eða menntun í stjórnun er æskileg
- Góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góða hæfni í íslensku og ensku
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð tölvukunnátta

Umsóknum fylgi leyfisbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf ásamt greinargóðum rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Umsóknum er skilað á Alfred.is. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Sveitarfélagsins Árborgar að jafna hlut kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ágúst Þór Bragason í síma 480 1500 eða netfang agustthb@arborg.is. Umsóknarfrestur er til og með 23. maí 2024. Sótt er um starfið á www.alfred.is.

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Eftirtektarverður árangur á Vormóti

Helgina 10. - 12. maí fór fram vormót eldri flokka og mótarið 3 á vegum Fimleikasambands Íslands.

Mótið er frábrugðið öðrum mótum að því leiti að lendingardýrnarnar eru mjúkar og því eru margir sem nýta tækifærið til þess að gera erfiðari stökk.

Selfoss átti 5 lið um helgina, 2. flokk mix, 3. flokk A og B á Vormóti og meistaraflokk og 1. flokk á mótarið.

3. flokkur keppti í tveimur liðum, annað liðið í A-deild og hitt liðið í B-deild. Bæði liðin voru að gera ný stökk og bættu sig á milli móta en framfarirnar eru talsverðar hjá flokknum á önninni auk þess sem liðsheildin var mikil og gaman að fylgjast með því. Liðin lentu bæði í 5. sæti samanlagt. Liðin eiga bæði talsvert inni í sínum stökkum

og gólfæfingum og því verður gaman að fylgjast með þeim á síðasta móti vetrarins, Íslandsmóti í lok maí.

2. flokkur keppti einnig á Vormóti, í blönduðum flokki en var sem fyrr eina liðið sem var skráð í flokkinn. Þau létu það ekki stoppa sig frá því að leggja sig öll fram, leikgleðin var mikil og samstaðan mikil þegar liðið prufaði ný og erfiðari stökk. Þau eru einnig að fara að keppa á Íslandsmóti í lok maí.

Á mótarið 3 kepptu bæði meistaraflokkur og 1. flokkur en á mótarið er sagnað stigum yfir 3 mót og verðlaunað í lok tímabilsins. Komið var að þriðja og síðasta mótinu um helgina og því voru veitt verðlaun þá. Selfoss keppti ekki á fyrstu mótariðinni og því aðeins um 2 mót að ræða þegar kom að stiga-

söfnun hjá þeim. Það kom þó ekki í veg fyrir verðlaunasæti því meistaraflokkur lenti í 4. sæti með 30 stig eftir veturinn, en veitt voru verðlaun fyrir efstu 5 sætin.

Liðin voru bæði að keyra mikið af nýjum stökkum og aukinn erfiðleika og var gaman að sjá þau skila æfingunum vel og af miklu öryggi. 1. flokkurinn fékk hæstu framkvæmda-einkunn allra liða á mótinu sem er eftirtektarverður árangur þar sem þær voru að keppa við meistaraflokkana. Mótið var góður undirbúningur fyrir Íslandsmót sem fer fram í lok maí og vonumst við til þess að sjá vínrauða stúku stuðningsmanna Selfoss á því móti.

Fimleikadeild UMFS



Tugpraut karla og sjöpraut kvenna í fyrsta sinn á Vormóti HSK

Vormót HSK er orðinn fastur liður og markar yfirleitt upphaf frjálsíþróttasumarsins á Íslandi. Mótið er skráð sem Global calendar mót en það merkir að þau afrek sem unnin eru á mótinu gilda sem lágmark inn á Heims- og Evrópumeistararmót. Það má því búast við öllu fremsta frjálsíþróttafólki landsins á Selfossvöll 22.-23. maí til að reyna við lágmarkin.

Á vormótinu verður nú í fyrsta sinn keppt í tugpraut karla og sjöpraut kvenna auk annara hefðbundinna greina og er mótið af þeim sökum tveggja daga mót þetta árið. Hið sögufræga Jónshlaup muni fara fram á Vormótinu annað árið í röð en Jónshlaupið er 5000m hlaup í flokki karla og heitir eftir Jóni H. Sigurðssyni hlaupara frá Úthlíð. Hlaupið hefur verið haldið á hverju ári frá 1985. Við hvetjum þá sem hafa áhuga á að prófa

að keppa í 5000m hlaupi á braut til þess að láta á það reyna við þetta tækifæri.

Verslunin Fætur toga er aðalstyrktaraðili mótsins og hefur heitið því að ef einhver keppandi setur Íslandsmet í fullorðinsflokki á mótinu muni sá hinn

sami fá 100.000 kr gjafabréf í versluninni. Við vonum svo sannarlega að einhverjum takist að slá Íslandsmet og láti Fætur toga standa við stóru orðin.

Mótið fer fram 22.-23. maí næstkomandi og hefst keppnin kl. 17:00.



Bridgeárið 2023-2024

Nú er vetrarstarfi í bridge lokið, með tilheyrandi verðlaunaafhendingu og aðalfundi félagsins. Veitt voru verðlaun fyrir aðalvímenn-ing, tvenndarkeppni og sveitakeppni.

Nú hefur orðið mikil aukning spilara þetta árið og horfum við full bjarsýni á komandi haust, að það verði fleiri sem muni bæstast í hópinn.

Við heiðruðum tvo stofnfélaga með blómum, en þeir eru Garðar Olgeirsson Hellisholtum og Guðmundur Böðvarsson Syðra-Seli.

Nú í haust stendur til að fara með fræðslu og kennslu í 8. og 10. bekk grunnskólans. Fræðslan á svo að verða áfram næstu ár. Einnig stefnum við að því að hefja nýliðabridge í haust ef þátttaka næst.

Þetta er góð heilaleikfimi sem og góður félagsskapur bæði fyrir unga jafnt sem aldna. Elsti keppandinn í okkar hópi er á tíræðisaldri.

Bridgefélag Hrunamanna



Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir forsetakosningar 1. júní 2024



Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00-15:00.

Afgreiðslutími verður aukinn á skrifstofum embættisins sem hér segir:

Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði

Annan í hvítasunnu 20. maí: kl. 10:00-12:00.

Víkuna 27.-30. maí: kl. 9:00-16:00.

Föstudaginn 31. maí: kl. 9:00-17:00.

Kjördagur 1. júní: kl. 10:00-12:00. Vaktsími frá kl. 12:00 – 16:00. Símanúmer: 862 7095.

Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal

Annan í hvítasunnu 20. maí: kl. 10:00-12:00.

Víkuna 27.-31. maí: kl. 9:00-16:00.

Kjördagur 1. júní: kl. 10:00 - 12:00. Vaktsími frá kl. 12:00 – 16:00. Símanúmer 861 1285.

Austurvegi 6, Hvalsvelli

Annan í hvítasunnu 20. maí: kl. 10:00-12:00.

Víkuna 27.-30. maí: kl. 9:00-16:00.

Föstudaginn 31. maí: kl. 9:00-18:00.

Kjördagur 1. júní: kl. 10:00 - 12:00. Vaktsími á kjördag frá kl. 12:00 – 16:00. Símanúmer: 774 3828.

Hörðuvöllum 1, Selfossi

Laugardaginn 18. maí: kl. 10:00-12:00.

Annan í hvítasunnu 20. maí: kl. 10:00-12:00.

Víkuna 21.-24. maí: kl. 9:00-16:00.

Laugardaginn 25. maí: kl. 10:00-12:00.

Víkuna 27.-30. maí: kl. 9:00-18:00.

Föstudaginn 31. maí: kl. 9:00-20:00.

Kjördagur 1. júní: kl. 10:00-14:00. Vaktsími frá kl. 14:00 – 16:00.

Símanúmer: 868-0689

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki.

Ábyrgð á atkvæði

Athygli er vakin á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 76. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Fram að kjördegi er kjörstjóra þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst og greiða almennt póstburðargjald undir sendinguna. Kjósandi ber að öðru leyti sjálfur kostnað af sendingu atkvæðisbréfsins.

Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósandinn er á kjörskrá.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms eða fötlunar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 30. maí n.k.

Umsóknareyðublað er hægt að fá á skrifstofum embættisins og á vefsíðunni www.kosning.is. Umsóknir óskast sendar á netfangið sudurland@sylsumenn.is eða lagðar fram á skrifstofum embættisins.

Kosning á stofnunum

Sjá auglýsingu á www.kosning.is og www.sylsumenn.is

Ýmsar upplýsingar og eyðublað vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur.

1. Eyravegur 40 - Deiliskipulag lóðar.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti 24.04.2024. tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðir á lóðinni Eyravegur 40, á Selfossi. Lóðin sem er 2605m² að stærð, er skilgreind í Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 sem Miðsvæði, M6. Gert er ráð fyrir fjölbýlishúsi á lóð með nýtingarhlutfalli allt að 1.7. Tillagan gerir ráð fyrir byggingu allt að 30-35 íbúða. Fjöldi hæða verði frá 3-5, og hámarkshæð húss allt að 15 metrar. Nýtingarhlutfall allt að 1,7 og bílastæði allt að 40. Auk þess er möguleiki á byggingu kjallara.

2. Árvegur 1 - Deiliskipulagsbreyting viðbygging.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti 20.03.2024 tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi Björgunarmiðstöðvar og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Breytingartillaga gerir ráð fyrir að stækka byggingarreit Björgunarmiðstöðvar og að heimilt verði að byggja við, bæði til norðurs og til vesturs. Hámarks-hæð húss verði allt að þrjár hæðir eða 10.5m hæð. Heimilt verði að byggja kjallara undir millibyggingu og nýtingarhlutfalli allt að 0,5, þ.e. hámarksbyggingarmagn allt að 3.724m².

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á slóðinni www.skipulagsgatt.is og á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Skipulagstillögur eru auglýstar með athugasemdafresti frá 15. maí 2024, til og með 26. júní 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 26. júní 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið www.skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kærnanleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrú

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
16. maí kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 16. maí kl. 14:45

Línudansflokkur

Leikhópurinn okkar

Tónlistarfólkið Zbigniew
og Theresa skemmtaSíðasta opna húsið
á þessu vori.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.AA Sporgöngufólk f. alla
BókasafnHafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJA

Selfosskirkja

Hátíðarmessa á hvítasunnudag
kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur,
organisti Edit A. Molnár, einsöng
syngur Gunnlaugur Bjarnason,
prestur Gunnar Jóhannesson.Sunnudagaskóli á sama tíma
kl. 11:00, umsjón Sjöfn, Dóra og
Katrín.

Hraungerðiskirkja

Fermingarmessa á hvítasunnun-
dag kl. 13:30. Kirkjukórinn syngur,
organisti Guðmundur Eiríksson,
prestur Gunnar Jóhannesson.

Gaulverjabæjarkirkja

Hátíðarmessa á hvítasunnudag
kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur,
organisti Haukur Arnarr Gíslason,
prestur Ása Björk Ólafsdóttir.

Villingaholtskirkja

Fermingarmessa á annan hvíta-
sunnudag kl. 13:30. Kirkjukórinn
syngur, organisti Guðmundur
Eiríksson, prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Hveragerðiskirkja

Fermingarmessa á hvítasunnun-
dag kl. 11. Sr. Nína Sif Svavars-
dóttir þjónar. Kirkjukór Hvera-
gerðis- og Kotstrandarsókna
leiðir söng, organisti Miklós
Dalmay.

Kotstrandarkirkja

Fermingarmessa kl.14. Sr. Nína
Sif Svavarsdóttir þjónar. Kirkju-
kór Hveragerðis - og Kot-
strandarsókna leiðir söng, org-
anisti Miklós Dalmay.

Skálholtsdómkirkja

Hátíðarmessa á hvítasunnudag
kl. 14. Þrjú ungmenni fermd.
Prestur sr. Axel Á Njarðvík.
Organisti Jón Bjarnason.
Skálholtskórinn syngur. Verið
velkomin.Annar í hvítasunnu. Ferm-
ingarmessa kl. 11. Ungmennin
fermist. Prestur sr. Axel Á
Njarðvík. Organisti Jón
Bjarnason. Verið velkomin.Annar í hvítasunnu. Prests-
og djáknavigsla kl. 17. Prestefnin
eru Steinunn Anna Baldvins-
dóttir til Seljakirkju og Guðlaug
Helga Guðlaugsdóttir til
Lágafellskirkju og djáknaefnin
eru Ívar Valbergsson til Kefla-
víkurkirkju og Bergþóra Ragn-
arsdóttir til Skálholtsprestakalls.
Skálholtskórinn syngur. Organisti
Jón Bjarnason. Sr. Kristján
Björnsson vígir og þjónar fyrir
altari ásamt sr. Axel Á. Njarðvík
og fleiri prestum og djáknum.

Mosfellskirkja í Grímsnesi

Annar í hvítasunnu. Ferming-
armessa kl. 14. Ungmennin
fermist. Prestur sr. Axel Á Njarðvík.
Organisti Jón Bjarnason. Verið
velkomin.

Stóra-Núpskirkja

Hátíðarmessa og ferming á
hvítasunnu 19. maí kl. 11. Kirkju-
kórinn syngur undir stjórn Þor-
bjargar Jóhannsdóttur organ-
ista. Sóknarprestur

Þorláksskirkja

Hvítasunnudagur. Ferming-
armessa kl. 13:30. Kór Þorlaks- og
Hjallakirkju leiðir safnaðarsöng
undir stjórn Esterar Ólafsdóttur,
organista. Sr. Sigríður Munda
Jónsdóttir þjónar. Verum öll vel-
komin.Hittu ljósmyndarana í
Húsinu á Eyrarbakka

Frítt inn á safnadaginn 18. maí

Alþjóðlega safnadaginn laugardaginn 18. maí, verða ljósmyndararnir og höfundar sýningarinnar Ef garðálfar gætu talað með viðveru í Húsinu á Eyrarbakka frá kl. 14 til 17. Í þrjú sumur mynduðu ljósmyndararnir Þórdís Erla Ágústsdóttir og Sigríður Rut Marrow samfélag þeirra sem byggðu sér sælureit í hjólhýsa-byggð á Laugarvatni. Sýningin hefur notið mikilla vinsælda, en nú fer að síga á seinni hlutann og fer hver að verða síðastur að berja hana augum. Það er afar viðeigandi að ljósmyndararnir verði til staðar á safninu á Alþjóðlega safnadaginn sem í ár er helgaður söfnum í þágu fræðslu og rannsókna. Sigríður og Þórdís hafa í verkum sínum iðulega lagt áherslu á að mynda jaðarmenningu og má segja að myndaserían um Laugarvatn hafi nú þegar öðlast ótvírætt heimildargildi.

Söfn þjóna samfélaginu hvert á sinn hátt sem kraftmiklar fræðslumiðstöðvar og eru lifandi vettvangur sem skiptir samfélagið máli, m.a. með rannsóknum og miðlun. Þórdís og



Sigríður munu vera á safninu þennan laugardags eftirmiðdag og eiga samtál við gesti sem þess óska. Ókeypis er á safnið á safnadaginn.

Lokadagur sýningarinnar Ef garðálfar gætu talað er 2. júní. Sýningin er farandsýning frá Þjóðminjasafni Íslands.

Almennur opnunartími Byggðasafns Árnesinga er 10 – 17 alla daga.

Verið öll velkomin.

Byggðasafn Árnesinga



Þórdís Erla og Sigríður Rut í státsstofu Hússins.



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetodi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastærðunum.SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

„Góðir gestir má ég kynna, hljómsveitin Mórall“

Í desember árið 1989 voru fjórir 13 ára Selfyssingar sem ákváðu að stofna hljómsveit sem hlaut hið áhugaverða nafn Skítamóral. Nú, tæpum 35 árum síðar er hljómsveitin enn að störfum, nánast í sinni upprunalegu mynd, með Arngrím Fannar Haraldsson (Adda Fannar) á gítar, Herbert Viðarsson (Hebba) á bassa, Jóhann Bachmann Ólafsson (Hanna) á trommur, Gunnar Ólason sem syngur og leikur á gítar, en til viðbótar hafa þeir fengið gítarleikarann Gunnar Þór Jónsson úr Sóldögg til liðs við sig. Ætla þeir félagar að endurtaka leikinn frá því í fyrra og taka þriggja daga vakt á Sviðinu á Selfossi um hvítasunnuhelgina. Þar ætla þeir að leika öll sín bestu og vinsælustu lög og lofa tónleikaprýstum Sunnlendingum stuði og stemningu eins og þeim einum er lagið.

Fyrsta gíggið í Félagsmiðstöðinni Zelsíuz

„Við vorum allir eitthvað byrjaðir að spila á hljóðfæri, þó sérstaklega Gunnar Óla sem var í hljómsveit með eldri strákum. Um haustið bað Axel nokkur Gissurarson mig og Hanna Bach um að vera með eitthvað atriði á jólaballi Gagnfræðaskóla Selfoss en hann var þá formaður nemendafélagsins. Úr varð að við Hanni fengum Gunnar Óla til liðs við okkur og fljótlega bættist Hebbi Viðars í hópinn. Hljómsveitin var formlega stofnuð í desember 1989 en kom þó aldrei fram á þessu jólaballi, við vorum ekki alveg tilbúnir. Fyrsta gíggið var vorið 1990 í félagsmiðstöðinni Zelsíuz, sem þá var í kjallara skólans, og þar áttum við eftir að spila oft og reglulega. Við fengum síðar æfingaaðstöðu í þessum kjallara og eyddum þar mjög miklum tíma saman,“ segir Addi Fannar í samtali við Dagskrána.

Reyndu að skipta um nafn

Einar Bárðarson, bróðir Adda Fannars, átti hugmyndina að nafninu Skítamóral. „Hann hafði sjálfur á einhverju djammri rætt við Sigga Pönk og fleiri góða menn um þá hugmynd að stofna pönkband. Ekkert varð úr því ævintýri en eftir stóð ónotað hljómsveitarnafn sem við tókum fegins hendi. Við vorum mjög rokkaðir fyrst um sinn en urðum nú aðeins mýkri með árunum. Við reyndum að skipta um nafn á tímabili en það gekk ekki vel og við höfum bara haldið þessu nafni alla tíð. Stundum notum við styttinguna

Skímó og mörgum finnst það snyrtilegra. Einu sinni á Þjóðhátíð vorum við að fara að stíga á svið en þá var Árni Johnsen kynnrir. Hann las af blaði en hikaði svo aðeins, leit upp og sagði hátt og skýrt í hljóðnemann: „Næstir á svið er hljómsveit frá Selfossi, góðir gestir má ég kynna, hljómsveitin Mórall“ okkur þótti það óborgarlega fyndið,“ bætir Addi Fannar við og hlær.

Kófsveittir og bognir í baki í miklum fíling

Eitt af fyrstu æfingahúsnæðum bandsins var spilalalurinn Takkinn sem staðsettur var að Eyravegi 17 á Selfossi. „Þar hégum við mikið til á kvöldin eins og margir krakkar á þessum tíma. Eitt kvöldið upp-götvaðum við að það var háloft fyrir ofan hluta hússins sem ekki var verið að nota, enda var það undir súð og ekki mannhæðarhátt. Við fengum að troða okkur þarna upp með græjur og notuðum þetta rými til að æfa í nokkra mánuði. Það var mjög þröngt og sveitt því þetta var gluggalaust rými en þarna æfðum við hvern rokkslagarann á fætur öðrum í miklum fíling, allir bognir í baki nema Hanni sem gat setið við trommurnar,“ segir Gunnar og yppir öxlum.

Ýmsir vel valdir fimmtu meðlimir í gegnum tíðina

Stofnmeðlimirnir fjórir; Gunnar, Addi, Hanni og Hebbi hafa alla tíð verið kjarninn í bandinu en ýmsir hafa komið og farið sem fimmti meðlimur. „Karl „Bongó“ Þorvaldsson var með okkur í nokkur ár og svo kom Einar Ágúst inn í bandið 1997. Við kynntumst Einari Ágústi sumarið 1997, þegar hann var að vinna á Útvarpi Suðurlands, og buðum honum að koma með okkur að spila á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, en við vorum þá aðalbandið ásamt Sálinni hans Jóns míns. Einar small vel inn í hópinn á þeim tíma og starfaði áfram með okkur til ársins 2004. Hann kom svo aftur inn í hljómsveitina 10 árum síðar, eða 2014, en hefur ekki verið meðlimur undanfarin ár. Fimmti meðlimurinn í dag er gítar-sníllingurinn Gunnar Þór Jónsson sem kom yfir til okkar úr hljómsveitinni Sóldögg. Við erum búnir að spila nokkur gigg á þessu ári og erum í fantaformi,“ segir Hanni.



Ljósmynd: Mummi Lú

Tíðir gestir í Séð og heyrnt

Lagið Farin sem kom út vorið 1998 varð gríðarlega vinsælt og má segja að það hafi hífst Skítamóral upp í hæstu hæðir á sínum tíma. „Þar á undan vorum við búnir að spila alveg gríðarlega mikið út um allt land og sá fræjum, ef svo má að orði komast. Við vorum mjög eftirsóttir á skólaböllum og í félagsmiðstöðvum og spiluðum 3-4 kvöld í viku. Svo gerðist eitthvað þarna um vorið 1998 sem erfitt er að útskýra. Við urðum gríðarlega vinsælir, lögín okkar fóru að heyrast mikið í útvarpi og við urðum tíðir gestir í Séð og heyrnt,“ segir Hanni og hlær.

„Við vorum orðnir ein vinsælasta hljómsveit landsins og umsvifin í takt við það. Þegar mest var vorum við með fimm starfsmenn, eigin rútbíl og leigðum saman íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Við höldum áfram þessari miklu útgerð út árið 2000 en í lok þess árs vorum við gjörsamlega búnir á því bæði á sál og líkama og tókum okkur gott hlé og höfum passað okkur síðan að spila ekki of mikið og bara þegar okkur langar til og erum í fíling, eins og til dæmis núna um hvítasunnuna,“ bætir Hebbi brosandí við.

Ekkert vandamál að leigja stóra flugvél fyrir einn dansleik

Eitt sumarið þegar þeir voru hvað vinsælastir hafði sveitastjóri frá einum af

bæjunum á Langanesi samband og vildi fá hljómsveitina til að spila á dansleik á ákveðinni dagsetningu. „Við sögðum þá að það væri of langt ferðalag, tæki alveg heilan dag að keyra hvora leið og við hefðum eiginlega ekki tíma því það væri svo mikið að gera hjá okkur. Hann taldi það nú ekki vera vandamál, hann myndi bara leigja flugvél handa okkur og borga hvaða verð sem væri fyrir hljóðfæraleikinn, bærinn væri vel staður, nýbúinn að selja kvóta og fjárfesta í OZ og DeCode. Úr þessu varð og við fengum stóra vél því það þurfti að fljúga líka með okkar starfsfólk, allar græjurnar, stórt hljóðkerfi, ljósabúnað o.s.frv., þvert yfir landið. Lendingin var eftirminnileg, en við þurftum að hringsóla um stund því það hafði gleymst að láta smala flugvöllinn fyrir komu okkar. Dansleikurinn heppnaðist vel fyrir utan smá atvik þegar fullur kall reyndi að troða sér upp á svið og tókst að hella viskíglasi yfir Viktor, sviðsmanninn okkar, sem brást hinn versti við og lét henda manninum út af ballinu. Maðurinn reyndist vera sveitastjórinn!“, segir Gunnar og hlær.

Þeir eru allir sammála um að þó nokkur gigg séu eftirminnileg. „En ætli tónleikar sem við lékum á í Tívolfinu sáluga í Hveragerði séu ekki á topp 5 en annars er toppurinn afmælistónleikarnir okkar í Eldborg í miðju Covid ruglinu sumarið 2020 en það var gríðarlega gaman að spila fyrir fullum Eldborgarsal og heyra gesti syngja hástöfum með hverju laginu á eftir öðru.“

Þakið ætlaði af húsinu eftir hlé

„Það er svo geggjáð að það sé kominn svona flottur tónleikastaður á Selfossi og gaman hvað Selfyssingar hafa tekið staðnum vel og eru duglegir að mæta á tónleika. Staðurinn er akkurat nógu stór til að þar myndist góð stemning, fólk vill geta tillt sér niður og notið góðra veitinga, en svo má færa til borð og dansa og tjútta og þannig var það í fyrra, aðeins settlegt fyrir hlé en svo munaði litlu að þakið færi af húsinu eftir hlé!“, segir Hanni og bætir við að þeirra draumur sé að koma eins og lóan og syngja inn sumarið á Selfossi um hvítasunnuna.

Að lokum vilja þeir hvetja sem flest til að tryggja sér miða sem fyrst og taka þátt í vor gleðinni með þeim. Það er uppselt á laugardagskvöld en lausir miðar á föstu- og sunnudagskvöld. Miðasala fer fram á svidid.is. HGL



Ljósmynd: Mummi Lú



Skilti um Einar Jónsson afhjúpað við Öldu aldanna

Í ár eru liðin 150 ár frá fæðingu Einars Jónssonar myndhöggvara. Einar var fæddur að Galtafelli í Hrunamannahreppi þann 11. maí árið 1874 og er hann einn þekktasti listamaður þjóðarinnar. Verkin hans eru fyrir löngu orðin landsfræg enda þrýða þau marga áberandi staði í Reykjavík, svo dæmi sé tekið. Hrunamenn buðu til sam-

komu af þessu tilefni sunnudaginn 12. maí og var ánægjulegt að sjá hversu margir mættu til að fræðast um listamanninn og til að eiga saman góða stund á hans heimaslóðum.

Fyrst voru erindi flutt í Hrepphóla kirkju af Sigurði Jónssyni, bónda í Ásgerði og nágretta Einars, en hann fjallaði um ætt og uppruna Einars auk

þess að segja viðstöddum frá kynnum sínum af listamanninum. Sigurður Trausti Traustason formaður stjórnar Listasafns Einars Jónsson, flutti erindi um listamanninn og verkin hans og að lokum fjallaði Pétur Ármannsson arkitekt um áhrif Einars á íslenska byggingalist auk þess sem ungum úr Flúðaskóla, Íris og Valgeir, fluttu tónlistaratriði.

Að lokinni stundinni í kirkjunni vitjuðu gestir leiðis þeirra hjóna Önnu og Einars í Hrepphóla kirkjugarði áður en haldið var að Flúðum þar sem skilti um listamanninn var afhjúpað í miðbænum, við Öldu aldanna, höggmyndar Einars sem þar hefur staðið frá árinu 1977.

Að lokum þáðu gestir svo kaffi og með því í boði Hrunamannahrepps. Meðfylgjandi myndir voru teknar á samkomunni.



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bilrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
faðmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

»DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

»DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

BRÁÐ AF
VINATTU!

**Fæst hjá
BYKO Selfossi**

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

800
LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll**

HP

**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.

Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is